

## LÖG LEIKMANNASAMTAKA ÍSLANDS

### 1. HEITI

Heiti samtakanna er Leikmannasamtök Íslands. Samtökin eru fagfélag allra íþróttamanna á Íslandi, þ.e. allra leikmanna í öllum íþróttagreinum, hvort sem þeir eru af íslensku eða erlendu bergi brotnir. Hér eftir verður vitnað til samtakanna sem LSÍ.

### 2. HEIMILI

Heimili samtakanna og varnarþing er í Þrastarás 8, 221 Hafnarfjörður, Ísland

### 3. TILGANGUR

Tilgangur samtakanna er að hafa hagsmuni íþróttamannsins að leiðarljósi og aðstoða meðlimi samtakanna í einu og öllu í eftirfarandi atriðum:

- 1) Að gæta hagsmuna félagsmanna sinna sem og fyrrum félagsmanna.
- 2) Að veita lögfræðilega aðstoð eins og samtökunum þykir ráðlegt í málefnum núverandi eða fyrrverandi félagsmann hvað snertir tengsl hans við áhuga eða atvinnumennsku í íþróttum.
- 3) Að veita ráðgjöf og aðstoð varðandi samningagerð, heilsuvernd, menntun, eftirlaun, ágreininga sem kunna að koma upp, viðleitni þeirra til að koma sjálfum sér á framfæri og tala máli íþróttarinnar, góðgerðarsjóði og lögfræðilega aðstoð, fjármal, eins og samtökunum þykir ráðlegt í málefnum núverandi eða fyrrverandi félagsmann hvað snertir tengsl hans við áhuga eða atvinnumennsku í íþróttum.
- 4) Að aðstoða félagsmenn við félagaskipti á eigin forsendum, séu þeir á sölulista, telji sig ekki njóta tækifæra eða hafi af öðrum ástæðum hug á að skipta um félag.
- 5) Að sjá félagsmönnum fyrir aðgangi að lögfræðingi LSÍ þeim að kostnaðarlausu.
- 6) Að semja við og leita samstarfs félagasamtök, fagfélög eða önnur stéttarfélög er varðar hagsmunamál félagsmanna LSÍ.
- 7) Að fjárfesta í eða eftir öðrum tryggja eignar- og notkunarrétt (í formi réttinda eða sérréttinda) félagsmanna á gæðum eða fasteignum.
- 8) Að selja, viðhalda, hafa umsjón með, undirbúa, þróa, leigja, veðsetja, ráðstafa, fénýta sér eða með öðrum hætti sýsla með eignir og réttindi LSÍ, að hluta til eða í heild.
- 9) Að taka lán og safna fjármunum með hverjum þeim hætti sem þurfa þykir og að tryggja endurgreiðslu til lánadrottna eins og stjórn LSÍ þykir eðlilegt.
- 10) Að bæta félagsmönnum eða stjórnendum LSÍ skaðabótaskyldu vegna tjóns, kostnaðar og krafna sem gerðar eru á hendur þeim vegna skilgreindra athafna eða aðgerðarleysis í tengslum við opinber störf þeirra fyrir LSÍ, að því marki sem slíkar skaðabætur brjóta ekki í bága við lög.

- 11) Að inna af hendi sérhvert verk sem ekki telst ólöglegt og er til þess fallið að ná framangreindum markmiðum, að hluta eða í heild, eins og stjórn LSÍ telur ráðlegt og í þágu félagsmanna eða vera beint eða óbeint til hagsbóta fyrir LSÍ eða einhvern félagsmann samtakanna. Í þeim tilgangi geta slík verk falið í sér að veita hvers kyns ábyrgð eða tryggingu vegna fjárskuldbindinga annarra fyrirtækja, stofnana eða einstaklinga.

#### 4. FÉLAGSMENN

- 1) Allir íþróttamenn á Íslandi, í öllum íþróttagreinum, hvort sem þeir eru af íslensku eða erlendu bergi brotnir, geta sótt um aðild í LSÍ á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má hjá framkvæmdastjóranum. Eyðublað má nálgast á heimasíðu LSÍ, [www.leikmenn.is](http://www.leikmenn.is)
- 2) Allar umsóknir sem berast teljast samþykktar. Stjórn LSÍ áskilur sér þann rétt til að taka upp sérhverja umsókn og hafna henni ef hún brýtur gegn lögum og reglum LSÍ. Ef stjórn LSÍ hafnar að veita einstaklingi aðild skal senda umsækjanda skriflega synjun ásamt greinargerð fyrir henni. Hverjum þeim umsækjanda sem synjað hefur verið um inngöngu er, í samræmi við gr. 4.2 að ofan, innan 7 daga heimilt að áfrýja ákvörðuninni til stjórnarformanns
- 3) Stjórn LSÍ mun, í samræmi við gr. 4.3 að ofan, strax á næsta fundi fjalla um allar áfrýjanir. Veita skal áfrýjanda skriflegt svar eigi síðar en þremur vikum eftir umfjöllun stjórnar um áfrýjunina. Þá getur áfrýjandinn krafist þess að sitja þann fund og fært rök fyrir máli sínu, annaðhvort í eigin persónu eða umboðsaðili fyrir hans hönd.
- 4) Sé áfrýjandanum, í samræmi við gr. 4.4 að ofan, synjað um inngöngu skal senda honum skriflega synjun ásamt greinargerð fyrir henni. Þrátt fyrir synjunina er umsækjandanum heimilt að sækja aftur um aðild, þar sem honum gefst kostur á að vekja máls á breyttum aðstæðum sem orðið hafa frá fyrri umsókn.
- 5) Félagsaðild þeirra félaga sem að mati stjórn LSÍ uppfyllir ekki lengur aðildarforsendur, í samræmi við gr. 4.1. að ofan, fellur sjálfkrafa úr gildi að þremur árum liðnum frá ákvörðun stjórnarinnar þess efnis.
- 6) Félagsaðild þeirra félaga sem uppvísir verða að einhverju eftirfarandi atriða fellur, í samræmi við gr. 4.8 að neðan, úr gildi hafi
  - a) þeim verið sagt upp vegna brots í skilningi einhvers undirgreinar 10. greinar að neðan.
  - b) þeim verið vikið úr samtökunum vegna brots í skilningi 7. greinar að neðan.
  - c) þeim verið vikið úr samtökunum vegna vangoldinna félagsgjalda í 6 mánuði (félagsaðild er sagt upp tímabundið eftir 3 mánuði), eins og stjórn LSÍ þykir eðlilegt.
- 7) Þrátt fyrir ákvæði gr. 4.7 að ofan skulu allir stjórnendur LSÍ, sem framangreint ákvæði lýtur að, halda félagsaðild sinni fram að næsta fundi stjórn LSÍ eftir að ákvörðunin, er varðar gr. 4.7 að ofan, hefur verið tekin.
- 8) Senda skal sérhverja tilkynningu, sem krafist er að send verði félagsmanni, í samræmi við tilkynningarákvæði gr. 29 að neðan.
- 9) Félagsmaður getur sagt upp aðild að LSÍ með því að tilkynna framkvæmdastjóranum skriflega

um það með eins mánaðar fyrirvara.

Hér hefur þetta yfirlétt gerst eftir að við sendum út árgjald. Þá koma póstar um að fólk vilji ekki vera með. Spurning um að hafa þetta mánuð eftir að félagsgjald er sent út?

- 10) Sérhver félagsmaður LSÍ skal fara að reglum samtakanna meðan aðild hans að þeim er virk og allar skuldbindingar vegna hennar falla niður sé hún felld úr gildi.

## 5. FÉLAGSGJÖLD

- 1) Öllum félagsmönnum er skylt að greiða árgjald. Greiðsluleið þess, sem og gjald- og eindagi, ákvarðast af stjórn LSÍ. Hver sá félagsmaður sem ekki greiðir árgjaldið nýtur ekki þeirra hlunninda sem aðild fylgir og hefur ekki atkvæðarétt á fundum samtakanna, nema að skuld viðkomandi hafi verið gerð upp að fullu. Stjórn LSÍ áskilur sig þó rétt til að hlunnfara viðkomandi um slík réttindi.
- 2) Á hverju ári ákveður stjórn LSÍ upphæð árgjaldsins. Ef þurfa þykir, mun nefndin leggja fram breytingartillögu á aðalfundi. Allar breytingar taka gildi á þeim tímapunkti sem stjórn LSÍ mælir fyrir um.
- 3) Heimilt er að skilgreina mismunandi tegundir félagsaðildar sem og greiðsluleiðir, eins og stjórn LSÍ þykir hæfa hverju sinni.
- 4) Nýr félagsmaður öðlast ekki þau hlunnindi og réttindi er félagsaðild fylgja fyrr en að hafa innt árgjaldið af hendi (nema að stjórn LSÍ taki aðra ákvörðun í þeim efnum).

## 6. MISFERLI

- 1) Aðeins er höfðað refsí- eða agamál gegn félagsmanni sem gerst hefur brotlegur á þessari reglugerð (7. gr.) og aðeins á þeim grundvelli að ætla megi að félagsmaður hafi gerst brotlegur á reglum samtakanna eða með háttsemi sinni þótt líklegur til að skaða orðspor þeirra.
- 2) Sérhverja ákæru verður að leggja fram skriflega og skal hún innihalda ítarlegar upplýsingar um meint brot og undirrituð af ekki færri en tveimur félagsmönnum, en enginn þeirra má eiga sæti í stjórninni.
- 3) Ákærana skal leggja fram hjá framkvæmdastjóranum sem sendir hluteigandi félagsmanni afrit og senda skrifleg viðbrögð innan tveggja vikna. Að fengnu svari eða að loknum 14 dögum, hvort sem fyrr gerist, mun framkvæmdastjórinn skrifa viðkomandi aðila þar sem tilkynnt er um hvenær ákæran verður borin undir stjórn LSÍ.
- 4) Hlutaðeigandi félagsmanni gefst kostur á að hljóta áheyrn hjá stjórn LSÍ þegar ákæran er tekin fyrir og flutt sína eigin málsvörn eða umboðsaðili fyrir hans hönd eða látið lesa yfirlýsingu í fjarveru sinni. Aukinheldur gefst hlutaðeigandi félagsmanni kostur á að kalla eftir framburði vitna. Þá gefst fulltrúa ákærandans einnig kostur á því sama.

- 5) Eftir að hafa hlýtt á rök beggja málsaðila og metið viðeigandi sönnunargögn sem lögð hafa verið fyrir stjórninni skal annað hvort vísa ákærinni frá eða ef nefndinni þykir sekt sönnuð:-
  - a) áminna félagsmanninn – eða
  - b) svipta félagsmanninn aðild í allt að 12 mánuði – eða
  - c) fella aðild hans úr gildi. Félgasgjöld fást ekki endurgreidd.
- 6) Innan 7 daga frá ákvörðun stjórnar skal framkvæmdastjórinn greina hluteigandi félagsmanni skriflega frá ákvörðuninni.
- 7) Hver sá félagsmaður sem stjórnin hefur dæmt sekan má, uni hann ekki niðurstöðunni, áfrýja henni til forseta samtakanna með því að tilkynna framkvæmdastjóranum um það innan 14 daga frá ákvörðuninni. Berist slík áfrýjun skal framkvæmdastjórinn boða forsetann til fundar. Gera skal stjórninni grein fyrir fundinum og skal fylgja sömu verkferlum og tilgreindir eru í gr. 7.4 að ofan.
- 8) Þær ákvarðanir stjórnar sem teknar eru samkvæmt þessari reglugerð (7. gr.) taka ekki gildi fyrr en tími til áfrýjunar hefur runnið út án þess að áfrýjunarbeiðni berist framkvæmdastjóranum eða þegar sektin hefur verið ákvörðuð eða verið endurskoðuð vegna áfrýjunar.

## 7. FULLTRÚAR

1. Félagsmenn LSÍ í hverju íþróttafélagi tilnefna einn fulltrúa í samráði við framkvæmdastjóra samtakanna. Fulltrúinn ber ábyrgð á að miðla öllum upplýsingum frá LSÍ til félagsmanna og að tilkynna vandamál þeirra.
2. Fulltrúinn er skyldugur að sækja alla fundi sem LSÍ boðar til hvort sem um ræðir aðalfundur, aukafundur eða svæðisfundur.
3. Sá félagsmaður sem gegnir stjórnunarstöðu innan síns íþróttafélags getur ekki orðið kjörgengur sem fulltrúi félagsmanna.
4. Sé fulltrúi skipaður í stjórnunarstöðu missir hann sjálfkrafa embætti sitt sem fulltrúi og félagsmenn í því íþróttafélagi skipa staðgengil hans.

## 9. STJÓRN

- 1) Stjórn LSÍ fer með framkvæmdavald samtakanna sem hefur fulla heimild til að annast stjórnun þeirra í hvívetna.
- 2) Stjórnina skipa minnst 3 og mest 12 félagsmenn. Nefndin ákveður hæfilegan fjölda innan þessara marka.
- 3) Skipun nefndarmanna ræðst af kosningu er miðað við 2 ár í embætti. Eftir þann tíma getur viðkomandi sóst eftir endurkosningu.

- 4) Sá félagsmaður sem gegnir stjórnunarstöðu innan síns íþróttafélags getur ekki orðið kjörgengur sem stjórnarmaður í stjórn eða sóst eftir endurkjöri.
- 5) Komi til dauða, afsagnar eða brottvísunar einhvers stjórnarmanns geta þeir félagar sem eftir eru kosið tímabundinn stjórnarmann þar til eftirmaður hefur verið valinn með atkvæðagreiðslu félagsmanna. Slíkur tímabundinn stjórnarmaður hefur ekki kosningarétt á neinum fundum stjórnarinnar.
- 6) Stjórnarmaður í stjórn getur einungis sóst eftir endurkjöri hafi hann sótt hið minnsta 60% funda sem haldnir voru í embættistíð hans.
- 7) Sé stjórnarmaður stjórnar skipaður í stjórnunarstöðu, sbr. skilgreiningu í gr. 8.4 að ofan, missir hann sjálfkrafa embætti sitt sem stjórnarmaður stjórnar LSÍ.
- 8) Ef stjórnarmaður stjórnar missir af 3 fundum stjórnar á 12 mánaða tímabili er stjórninni í sjálfvald sett að svipta hann embætti sínu.
- 9) Stjórnarmenn stjórnar fá kostnað sinn við embættisstörf sín endurgreiddan innan skynsamlegra marka.
- 10) Fulltrúar íþróttafélaganna eða félagsmenn LSÍ geta einungis svipt stjórnarmann embætti sínu á aðalfundi eða aukafundi samtakanna, í samræmi við undirgreinar 9.7 og 9.8 að ofan. Svipta má stjórnarmann stjórnar embætti sínu skv. ákvörðun annarra félagsmanna meðan slíkt mál bíður meðferðar fulltrúa íþróttafélaganna eða félagsmanna LSÍ.
- 11) Öllum ákvörðunum, sem teknar eru í góðri trú af stjórn LSÍ, ber að fylgja eftir nema að í ljós komi að ágalli hafi verið á skipun stjórnar eða einstakra stjórnarmanna hennar.
- 12) Hver sú ályktun sem undirrituð er af öllum stjórnarmönnum, sem stjórnina skipa þegar ákvörðunin er tekin, telst jafngild og skilvirk og hafi hún verið tekin á formlegum fundi stjórnarnefndarinnar sem boðað hefði verið til og haldinn með formlegum hætti.

## 10. SKYLDUR STJÓRNAR

- 1) Að vinna að málefnum LSÍ og gæta að hagsmunum leikmanna.
- 2) Að setja hver þau lög og reglugerðir sem hún telur þjóna hagsmunum samtakanna.
- 3) Að skipa og setja af stjórnarformann, gjaldkera, forseta og aðstoðarmenn þeirra og ákvarða skyldur þeirra og starfskjör. Í fjarveru stjórnarformanns skipar nefndin einn stjórnarmann innan sinna raða til að sinna skyldum hans.
- 4) Að sitja og setja af lögfræðinga, bankamenn, váttryggingamiðlara, endurskoðendur eða bókkara, svo og aðra umboðsaðila eins og talið er nauðsynlegt.
- 5) Að skoða og samþykkja alla reikninga og staðfesta allar greiðslur.

- 6) Að hafa umsjón með ýmsum sjóðum LSÍ.
- 7) Að verja fjármunum LSÍ til kaupa á hlutabréfum, sjóðum, verðbréfum eða annarra fjárfestinga af hvers kyns tagi og með hverjum þeim hætti sem þurfa þykir, hvort sem um er að ræða viðskipti með lánsfé, með eða án ábyrgðar, með eða án öryggis eins og nefndinni þykir hæfa best hverju sinni.
- 8) Að stofna dótturfyrirtæki og skipa og setja af i) hvaða stjórnarformann sem er í hverju því hlutafélagi sem LSÍ hefur aðild að – og ii) hvaða stjórnarmeðlim sem er í hverri þeirri stofnun sem LSÍ kann að tengjast.
- 9) Að skipa undirnefnd eða undirnefndir til að kanna sérstök eða brýn viðskipti og gera tillögur þess efnis til stjórnarinnar.
- 10) Að sjá til þess að skrá verði haldin yfir.
  - a) skipun, brottrekstur eða afsögn stjórnarmanna.
  - b) nöfn viðstaddra stjórnarmanna á fundum stjórnar.
  - c) allar ályktanir og ákvarðanir aðalfunda, aukafunda og svæðisfunda og funda stjórnar og undirnefnda hennar.

## 11. FUNDIR STJÓRNAR

- 1) Starf stjórnarinnar skal fara fram á formlegum fundum. Framkvæmdastjórinn, stjórnarformaðurinn, forsetinn eða tveir stjórnarmeðlimir stjórnarinnar geta boðað til fundar. Framkvæmdastjórinn skal senda öllum stjórnarmönnum fundarboð með a.m.k. 7 daga fyrirvara eða eins stuttum fyrirvara og allir stjórnarmenn, sem rétt eiga á að mæta og eru kjörgengir, samþykkja. Berist einhverjum fundarmanni fyrir misskilningi ekki fundarboð teljast fundurinn og störf hans ekki ógild.
- 2) Stjórnin fundar a.m.k. 4 sinnum á hverju almanaksári, þar af er einn fundur haldinn í tengslum við aðalfund. Nefndin getur frestað eða með öðrum hætti skipað fundi eins og stjórnarmönnum þykir henta.
- 3) Til að ákvarðanir öðlist gildi verður a.m.k. 50% þeirra stjórnarmanna sem kjörgengir eru í stjórn að vera viðstaddir.
- 4) Komi til álitamála á fundi stjórnar skuli ákvarðanir teknar með meirihluta greiddra atkvæða. Séu atkvæði í atkvæðagreiðslunni jöfn hefur stjórnarformaður stjórnar úrslitaatkvæði.
- 5) Stjórnarmenn í stjórninni geta ekki skipað umboðsmann til að kjósa í sinn stað, eigi þeir ekki heimangengt á fundi stjórnar.

## 12. STJÓRNARFORMAÐURINN

- 1) Stjórninni er heimilt að skipa stjórnarmann nefndarinnar sem stjórnarformann.
- 2) Stjórnarformaðurinn hefur umboð til að starfa í nafni LSÍ milli funda stjórnar, svo fremi að:

- a) heimildin stjórnarformannsins skv. þessari reglugerð sé þá og því aðeins nýtt þegar ekki með tiltölulega auðveldum hætti er hægt að fresta ákvörðun þeirrar aðgerðar sem um ræðir til næsta fundar stjórnar,
  - b) allar aðgerðir eða viðskipti, sem stjórnarformaður framkvæmir eða stofnar til samkvæmt þessari reglugerð, séu háðar fullgildingu stjórnarnefndarinnar á næsta fundi hennar í kjölfar aðgerðarinnar eða viðskiptanna – og að
  - c) stjórnarformaðurinn heimili ekki eða skrifi upp á verkfall eða aðrar vinnuáðgerðir undir neinum kringumstæðum.
- 3) Víkja skal stjórnarformanninum úr embætti sínu þegar hann, af hvaða ástæðu sem kann að vera, á ekki lengur sæti í stjórninni.

### 13. GJALDKERINN

- 1) Stjórninni er heimilt að skipa gjaldkera.
- 2) Gjaldkeri hefur rétt á að tala á fundum stjórnarinnar og undirnefnda hennar.
- 3) Gjaldkeri gegnir þeim skyldum sem stjórnin krefst af honum eða skv. þessari reglugerð, þ.m.t.:
  - a) að halda reikningshald yfir reikninga og skrá allar kvittanir og greiðslur, eins og krafist er af stjórninni og að fenginni vottun endurskoðenda LSÍ – og að
  - b) gera slíka reikninga og skrár aðgengilegar endurskoðendum í þeim tilgangi að semja ársreikning og tekju- og kostnaðarreikning LSÍ fyrir aðalfund.

### 14. FRAMKVÆMDASTJÓRINN

- 1) Framkvæmdastjórinn ber ábyrgð á umsjón með og stjórnun LSÍ, stjórnenda og starfsmanna samtakanna.
- 2) Skyldur framkvæmdastjórans eru:
  - a) að boða til og sitja alla aðalfundi, aukafundi, fundi stjórnar og undirnefnda hennar, en hefur heimild til að skipa fulltrúa í stjórn eða annan starfsmann LSÍ, sem staðgengill hans, til að mæta í sinn stað,
  - b) að skipuleggja fundargerðir allra aðalfunda, aukafunda, funda stjórnar og undirnefnda hennar,
  - c) að hafa eftirlit með almennum reikningum LSÍ og ef svo ber undir að heimila og staðfesta undirritun ávísana við uppgjör reikninga sem lagðir eru fyrir framkvæmdastjóra,
  - d) að sjá um og skipuleggja samskipti LSÍ, þ.m.t varðveislu allra skjala, bóka og skjala sem framkvæmdastjóri hefur fengið – og að undirbúa minnisblöð, dreifibréf, reglur, félagsskírteini og önnur skjöl sem gefa þarf út eins og nauðsyn þykir fyrir félagsmenn

og aðra,

- e) að halda utan um félagaskrá samtakanna,
  - f) að halda utan um og skipuleggja kynningaviðburði,
  - g) að hafa eftirlit með og undirbúa dagskrá aðalfunda og aukafunda og undirbúa viðeigandi skýrslur fyrir aðalfundi um rekstur og viðskipti LSÍ frá síðasta aðalfundi, þ.m.t. endurskoðuðum reikningum sjóða LSÍ,
  - h) að ráða til sín þá starfsmenn sem þurfa þykir til að sinna störfum LSÍ og tilkynna stjórn um einstakar skipanir,
  - i) að fylgja eftir og kynna stefnu og aðgerðir LSÍ út á við, eins og mælt er fyrir um á aðalfundum, aukafundum og fundum stjórnar á hverjum tíma fyrir sig,
  - j) að gegna öllum þeim öðrum skyldum sem krafist er af stjórninni samkvæmt þessum reglum og lögum – og
  - k) að gegna skyldum gjaldkera hafi stjórn ekki skipað neinn í embættið.
- 3) Framkvæmdastjóri skal skipaður af stjórninni á þeim kjörum og þóknunum sem hún ákveður. Framkvæmdastjórinn þarf ekki að vera félagsmaður í LSÍ.
  - 4) Allt starfsfólk, sem ráðið er af framkvæmdastjóra, skal starfa sem starfsfólk LSÍ og vera ráðið á þeim kjörum og þóknunum sem framkvæmdastjórinn, í umboði stjórnarinnar, ákveður.
  - 5) Framkvæmdastjóri skal eiga rétt á að mæta og tala á öllum fundum stjórnarinnar og undirnefndar hennar en er ekki kjörgengur eða verður talinn með í ákvörðunarbærum meirihluta atkvæðagreiðslna.

## 15. FORSETINN

- 1) Forsetinn þarf ekki að vera félagsmaður LSÍ.
- 2) Forsetinn hefur rétt til að sitja alla fundi stjórnar í krafti embættis síns, sem í framkvæmdanefndinni sem utanríkismaður en er ekki kjörgengur eða verður talinn með í ákvörðunarbærum meirihluta atkvæðagreiðslna.
- 3) Forsetinn skal kosinn og vikið úr embætti af stjórn
- 4) Skyldur forsetans eru:
  - a) að taka fyrir áfrýjunarmál félagsmanna í samræmi við gr. 7 að ofan,
  - b) að skipa gerðardómsmann í samræmi við gr. 24 að neðan.
- 5) Forsetinn getur ráðið ráðgjafarþjónustu fyrir LSÍ, á þeim kjörum og taxta sem stjórnin ákveður.



## 16. AÐALFUNDIR OG AUKAFUNDIR

- 1) LSÍ skal halda aðalfund þar sem allir félagsmenn eiga rétt á að mæta og kjósa. Sérhver félagsmaður getur skipað sinn fulltrúa, sem kjörinn er skv. gr. 8 að ofan til að fara með umboð hans og greiða atkvæði fyrir hans hönd á aðalfundi. Aðalfundur skal vera stefnumótandi fyrir starf LSÍ. Meðal efnisatriða aðalfundar eru:-
  - a) að fara yfir framvinduskýrslu og ársreikning LSÍ,
  - b) að taka afstöðu til þeirra breytingatillaga sem komið hafa fram með nægilegum fyrirvara,
  - c) að fara yfir skýrslu atkvæðatalningar vegna kjörs framkvæmdastjóra og/eða stjórnarmeðlima stjórnar,
  - d) að taka afstöðu til andmæla sem komið hafa fram – og
  - e) önnur störf.
- 2) Ekki skulu líða meira en 24 mánuðir frá dagsetningu eins aðalfundar til þess næsta en, með framangreindum fyrirvara, skal aðalfundur haldinn á þeim stað sem framkvæmdanefndin fyrirskipar.
- 3) Auk aðalfundar getur stjórnin hvenær sem er boðað til aukafundar og verður að boða til aukafundar skriflega þar sem gert er grein fyrir yfirlýstum tilgangi fundarins ef a.m.k. 10% félagsmanna standa að baki fundarbeiðninni. Halda skal þann aukafund ekki síðar en 2 mánuðum eftir að framkvæmdastjóra berst fundarbeiðnin. Sérhver félagsmaður getur skipað fulltrúa sinn, kjörinn skv. 8. reglu hér að ofan, til að starfa í umboði hans og greiða atkvæði fyrir hans hönd á aukafundi.
- 4) Boða verður til aukafundar með að minnsta kosti 7 daga fyrirvara. Framkvæmdastjóri skal senda félagsmönnum slíkt fundarboð skriflega í samræmi við tilkynningarákvæði í gr. 29. Í slíku fundarboði skal tilgreina fundarstað, dagsetningu og tímasetningu fundarins og sé um sérstakan fund að ræða, skal tilgreina efni fundarins.
- 5) Ef svo atvikast að boðað sé til aðal- eða aukafundar með styttri fyrirvara en tilgreint er í gr. 17.5 að ofan, telst hann löglega boðaður að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
  - a) þegar um fund ræðir sem, eins og aðalfundur, boðaður er af öllum fulltrúum sem eiga rétt á að mæta og kjósa,
  - b) þegar um fund ræðir sem, eins og aukafundur, boðaður er af 90% félagsmanna eða fulltrúa þeirra sem eiga rétt á að mæta og kjósa.
- 6) Berist einhverjum aðila, sem sitja ber fundinn, fyrir misskilningi ekki fundarboð teljast fundurinn og störf hans ekki ógild.
- 7) Stjórnarformaður LSÍ gegnir hlutverki fundarstjóra á aðalfundum og aukafundum, en sé stjórnarformaðurinn ekki mættur innan 15 mínútna frá áætluðu upphafi fundarins eða hyggist hann af einhverjum ástæðum stíga til hlið skal einn af stjórnarmönnum stjórnar gegna

hlutverki fundarstjóra. Gangi þetta af einhverjum ástæðum ekki eftir skulu félagsmenn kjósa nýjan stjórnarformann á fundinum.

8) Störf á aðalfundi fara fram í samræmi við þessar reglur að því tilskyldu að:

- a) Kosið sé um ályktanir á aðalfundi með handauppréttingu, nema leynilegrar atkvæðagreiðslu sé krafist samkvæmt lögum eða af fleiri en 30% viðstaddra kosningabærra félagsmanna eða fyrir tilstilli fulltrúa þeirra á fundinum,
- b) nema að farið sé fram á leynilega atkvæðagreiðslu af tilkynnir stjórnarformaður hvort samþykka þurfi ályktun einróma, samhljóma eða með meirihluta atkvæða til þess að hún nái fram að ganga og skal skrá niðurstöðuna í samræmi við þetta í fundargerð svo enginn vafi liggi á henni.
- c) leyfilegt er að draga kröfu um leynilega kosningu til baka,
- d) ef leynilegrar atkvæðagreiðsu er krafist með viðeigandi hætti skal hún framkvæmd með þeim hætti sem stjórnarformaðurinn ákveður og telst niðurstaða hennar ályktun þess fundar þar sem umrætt mál var lagt fyrir,
- e) séu atkvæði í atkvæðagreiðslunni jöfn, hvort heldur sem um handauppréttingu eða leynilega kosningu ræðir, hefur stjórnarformaðurinn úrslitaatkvæði,
- f) ekki er leyfilegt að taka fyrir aðrar ályktanir á aðalfundi en þær sem tilkynntar hafa verið framkvæmdastjóranum fyrirfram, í samræmi við gr. 10.12 að neðan, eða séu þær bornar fram skriflegar og samþykktar af minnst tveimur þriðju hluta viðstaddra kosningabærra félagsmanna á aðalfundinum, sem þá verður tekin til umræðu og sett í kosningu. Við slíkar kringumstæður getur fulltrúi ekki verið umboðsaðili fjarstadds félagsmanns. Ekki er leyfilegt að leggja neyðartillögu fram á aukafundi.
- g) við leynilega atkvæðagreiðslu má kjósa í eigin persónu eða í gegnum umboðsaðila. Atkvæði sem greidd eru af umboðsaðila skulu lögð fram skriflega og færð til bókar af stjórnarmanni á þann hátt sem stjórn samþykkir.

9) Daginn áður en aðalfundur á sér stað gilda eftirfarandi verklagsreglur:

- a) stjórnin birtir fyrirætlun sína um að gera félagsmönnum framvinduskýrslur og ársreikninga aðgengilega hjá fulltrúunum á aðalfundi,
- b) hver sá félagsmaður sem leggja vill tillögur fyrir aðalfund skal tilkynna framkvæmdastjóra það skriflega eigi síðar en þremur vikum áður en tillagan er borin fram. Sérhver tillaga skal fjalla um eitt málefni,
- c) stjórnin gerir dagskrá aðalfundar aðgengilega í gegnum fulltrúa eigi síður en 2 vikum fyrir áætluðum fundardegi aðalfundar ásamt öllum breytingartillögum,

10) Fyrir alla aðalfundi eða aukafundi skulu þeir félagsmenn sem leggja vilja fram breytingartillögu á einhverju dagskráratríði, eftir því sem unnt er, tilkynna stjórn skriflega um breytingartillöguna eigi síðar en viku fyrir dagsetningu aðalfundar eða aukafundar.

11) LSÍ er ekki heimilt að taka neina tillögu til afgreiðslu á aðalfundi eða aukafundi nema hún njóti stuðnings annars félagsmanns.

- 12) Reka má hvern þann fulltrúa eða félagsmann, sem hegðar sér ósæmilega, af aðalfundi eða aukafundi með meirihluta atkvæða þeirra sem mættir eru á fundinn og hafa kosningarétt. Í slíku tilviki getur fulltrúi ekki farið með umboð þeirra félagsmanna sem ekki eru viðstaddir.
- 13) Framkvæmdastjóri skal hafa vald til að boða fulltrúum og/eða félagsmönnum á svæðisfund með 7 daga fyrirvara. Á slíkum fundum eru engin viðmið um ákvörðunarbæran meirihluta.

## 18. REIKNINGAR

- 1) Framkvæmdastjórinn, sem starfar með hverjum þeim gjaldkera sem um ræðir, skal sjá til þess að réttir ársreikningar séu gerðir þar sem fram kemur:
  - a) allar fjárhæðir sem LSÍ hefur fengið og varið og með hvaða hætti tekjur og útgjöld áttu sér stað,
  - b) öll sala og kaup á vöru og þjónustu á vegum LSÍ,
  - c) eignir og skuldir LSÍ – og
  - d) öll önnur mál sem, samkvæmt góðri reikningsskilavenju, ættu að koma fram í bókhaldinu.
- 2) Sérhver gjaldkeri skal enn fremur sinna þeim skyldum sem stjórnkerfisnefndin krefst af honum eða samkvæmt viðeigandi reglum eða lögum.
- 3) Ekki skal samþykkja bókhaldið ef bókhaldsreikningarnar teljast ekki gefa sanna og rétta sýn af stöðu mála í LSÍ og skýra aðgerðir samtakanna.
- 4) Geyma skal bókhaldsreikningana í höfuðstöðum LSÍ þar sem eftirfarandi aðilar geta nálgast þá, óski þeir þess:
  - a) stjórnarmenn stjórnar;
  - b) hver sá félagsmaður sem skoða vill bókhald LSÍ að því tilskyldu að félagsmaðurinn gefi framkvæmdastjóra 7 daga skriflegan fyrirvara og útskýrir, að svo miklu leyti sem unnt er, ástæðu og tilgangi beiðninnar.
- 5) Til þess að leyfa skoðun eins og kveðið er á um í gr. 18.4 að ofan telst félagaskrá sem geymir heimilisföng félagsmanna vera reikningsbók.
- 6) Þegar ársreikningurinn hefur verið gerður ber framkvæmdastjóra að:
  - a) birta ársreikninginn í einhverju málgagni LSÍ eigi síðar 2 vikum fyrir næsta aðalfund – og
  - b) sjá til þess að ársuppgjóri sé skilað til löggildingarfulltrúans eins og gert er ráð fyrir í lögum um ársreikninga, þ.e. reglur nr. 1220/2007 um rafræn skil ársreikninga til ársreikningaskrár, eða síðari löggjöf.

## 19. KJÖR OG KOSNINGAR

- 1) Kjósa skal í embætti eftirfarandi stjórnenda LSÍ:
  - a) framkvæmdastjóra;
  - b) stjórnarmanna stjórnar, að stjórnarformanni og gjaldkera undanskildum.
- 2) Hver sá sem kosinn er stjórnarmaður í stjórn skal gegna því embætti á tímabilinu sem hefst að lokum þess aðalfundar eða aukafundar, þar sem kjör þeirra í atkvæðagreiðslunni er kunnngört, og lýkur við næsta aðalfund, nema viðkomandi hljóti endurkjör á þeim tímapunkti.
- 3) Þegar kjósa skal í embætti stjórnarmanns stjórnar eða í embætti framkvæmdastjóra skal stjórn, eigi síðar en 3 mánuðum fyrir kosningar, ákvarða og birta félagsmönnum tímaáætlun þar sem tilgreindir eru frestir til að:
  - a) tilnefna í embætti,
  - b) yfirlara og samþykkja tilnefningarnar af hálfu stjórnar,.,
  - c) ákvarða og tilkynna staðsetningu/ar kosninganna,
  - d) útbúa, prenta og dreifa kosningagögnum,
  - e) telja atkvæði og tilkynna um úrslit kosninganna,
  - f) taka við og vinna úr kærnum við framkvæmd kosninganna.
- 4) Sé um að ræða kjör stjórnarformanns eða stjórnarmanns/a stjórnar og viðkomandi framþjóðandi/ur er/u sjálfkjörinn/ir, skal framkvæmdastjóri afboða kosningum og tilkynna um kjörið/in á aðalfundi.

## 20. ALMENNUR SJÓÐUR

Stjórnin skal hafa almennan sjóð til að greiða fjárhagslegar kröfur á hendur LSÍ, nema þær sem sérstaklega er kveðið á um í þessari reglugerð.

## 21. GÓÐGERÐARSJÓÐUR

- 1) Stjórnin skal annaðhvort halda úti góðgerðarsjóði til til handa félagsmönnum, fyrrverandi félagsmanna og skyldmenna þeirra eða stofna eftirmannasjóð.
- 2) Hver sá sem óskar eftir því að sækja um styrk vegna fjárhagslegra erfiðleika verður að sækja um skriflega til framkvæmdastjórans á þar til gerðu eyðublaði og veita allar upplýsingar um fjárhagslegar aðstæður sínar. Stjórnin ákveður, eins og henni þykir hæfa, hvort veita eigi styrk eða ekki. Slíkur styrkur er háður þeirri hámarksfjárhæð sem Ríkisskattstjóri heimilar að greidd sé út á sérhverjum tíma sig, án þess að skattur sé tekinn af upphæðinni.

## 22. MENNTUNARSJÓÐUR

- 1) Stjórnin skal annaðhvort viðhalda menntunarsjóð í þágu félagsmanna eða fyrrverandi félaga til að bæta við sig menntun eða stofna eftirmannasjóð.
- 2) Stjórnin skal hafa umboð til að framkvæma þær greiðslur í þágu félagsmanna og fyrrverandi félaga til að bæta við sig menntun, eins og henni þykir tilefni til.

- 3) Sérhver félagsmaður eða fyrrverandi félagsmaður getur sótt skriflega um úr menntasjóðnum til framkvæmdastjórans. Allar slíkar greiðslur ákvarðast af stjórninni og eru háðar þeirri hámarksfjárhæð sem Ríkisskattstjóri heimilar að greidd sé út á sérhverjum tíma sig, án þess að skattur sé tekinn af upphæðinni.

## 23. ENDURSKOÐENDUR

Reikningar LSÍ skulu endurskoðaðir árlega strax fyrir aðalfund af endurskoðendum LSÍ eins og mælst er fyrir um í lögum. Fulltrúarnir á aðalfundinum hafa vald til að skipa og setja endurskoðendur af, njóti þeir stuðnings tveggja þriðju hluta viðstaddra fulltrúa sem rétt hafa á að kjósa um ályktun vegna slíkrar skipunar eða brottrekstrar – eða, sé um atkvæðagreiðslu er að ræða, ef að minnsta kosti tveir þriðju hlutar af greiddum atkvæðum styðja ályktunina.

## 24. DEILUR

Vakni ágreiningur milli einhvers félagsmann og LSÍ, skal vísa ákvörðuninni til óháðs gerðardómsmanns sem sameinast er um. Reynist ekki unnt að koma sér saman um skipun hans, skal forseti skipa gerðardómsmann hvers ákvörðun er endanleg.

## 25. LÖG

- 1) Reglur þessar og þar með talið nafn samtakanna, LSÍ, má breyta eða uppfæra á aðalfundi eða aukafundi.
- 2) Allar breytingu eða viðbætur skulu lagðar af stjórninni eða undirrituðum af ekki færri en 5 félagsmönnum. Slíkar tillögur skulu gerðar skriflega og stílaðar á f stjórnina eða einhvern félagsmann sem veitir honum stuðning skriflega af hvorki meira né minna en 5 þingmönnum. Allar slíkar tillögur, sem gerðar skulu skriflega stílaðar á framkvæmdastjóra, þurfa að tilgreina:
  - (a) orðalag reglugerðarinnar fyrir breytingar,
  - (b) þau orð sem bætast við eða strikuð eru út – og
  - (c) hið breytta orðalag reglugerðarinnar eftir.
- 3) Að breytingartillögunni fenginni skal framkvæmdastjóri annað hvort setja ályktunina á dagskrá næsta aðalfundar eða boða til aukafundar, eins og hann telur þurfa.
- 4) Sé slík breytingartillaga eða viðbót studd atkvæðum tveggja þriðju hluta fulltrúanna eða viðstaddra kjörgengra félagsmanna, öðlast breytingin eða viðbótin þegar gildi.
- 5) Framkvæmdastjóri skal láta öllum félagsmönnum LSÍ í té afrit af þessum reglum að kostnaðarlausu, sé þess óskað.

## 26. SAMSTEYPA/SAMSTARF

LSÍ er heimilt að sameinast eða tengjast einhverju öðru fag- eða stéttarfélagi eða samtökum, ef þau

svo kjósa eða útvista verkefnum til annarra fag- eða stéttarféлага samkvæmt ákvæðum laga sem kveða á um slíkar sameiningar og útvistanir verkefna á sérhverjum tíma.

## 27. SLIT

Óheimilt er að leggja LSÍ niður nema með samþykki tillögu þess efnis við bréfabosningu allra félagsmanna. Tillögu um að leggja LSÍ niður telst felld nema að hana styðji fimm sjötti hluti allra kjörgengra félagsmanna. Við uppgjör allra skulda og annarra skulda sem löglega hefur verið stofnað til skal þeim fjármunum sem enn eru í vörsláu LSÍ dreift til þeirra samtaka eða góðgerðarmála hvernar stefna samrýmist stefnu LSÍ eins náð og hægt er. Finnast engin slík samtök eða góðgerðarmál skal ráðstafa fjármunum samtakanna eins stjórnin ákveður að gera eða í samræmi við ályktun sem samþykkt hefur verið með einföldum meirihluta.

## 28. ÞÓKNUN

Enginn einstaklingur, hvort heldur sem er stjórnandi eða félagsmaður samtakanna, skal þiggja neina þóknun fyrir unnin störf á vegum LSÍ, nema öðruvísi sé kveðið á um í þessum lögum. Stjórninni er þó heimilt endurgreiða útlagðan kostnað félagsmanna, sem störf í þágu LSÍ hafa í för með sér, innan skynsamlegra marka.

## 29. TÚLKANIR OG SKILGREININGAR

- 1) Allur ágreiningur sem vakna kann um túlkun þessara reglna eða sem stafar af máli þar sem vitnað er til þeirra skal vísað til stjórnar og er ákvörðun hennar um túlkunatriðil endanleg.
- 2) Orð sem hafa karllæga tilvísun inngilda líka.kvenlæga og kynsegin merkingu orðsins og orð sem standa í fleirtölu geta líka falið eintölu orðsins í sér og öfugt.
- 3) Eftirfarandi orð hafa svohljóðandi merkingu:-

„Góðgerðarsjóður“ er sjóður í skilningi laga 19/1988 um sjóði og stofnanir – og

„Menntasjóður“ er sjóður LSÍ og Íþróttasambands Íslands stofna í sameiningu til.

## 30. TILKYNNINGAR

- 1) Tilkynningar, sem gerðar verða samkvæmt þessum reglum, skulu sendar með A pósti (forgangspósti) eða afhendar viðkomandi aðila. Þannig telst að þeim hafi verið komið til skila daginn eftir sendingu eða við afhendingu eða sendingu tölvupósts til réttis viðtakanda og er þá litið svo á að þær séu móttæknar þá (eða næsta viðskiptadag ef um helgi, helgidag eða almennan frídag sé að ræða).
- 2) Tilkynningar teljast hafa verið inntar af hendi í samræmi við gr. 30.1 að ofan hafi þær verið sendar á heimilisfang viðtakanda eða til þess íþróttafélags sem hann tilheyrir. Það er skylda sérhvers félagsmanns að greina framkvæmdastjóra frá breyttu heimilisfangi, ef svo ber undir.